

Þekking, þjálfun, þroski

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er framhaldsskóli þar sem í boði er persónuleg þjónusta, öruggt námsumhverfi, forysta í tækni, nýjungum og kennslu.

Lögð er áhersla á að skólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Skólinn stendur á gömlum merg og er, nú sem fyrr, mikilvægur hlekkur í menningar- og íþróttalífi Hafnarfjarðar.

Í FLENSBORGARSKÓLANUM ER:



Í boði persónuleg þjónusta þar sem lögð er áhersla á að mæta nemandanum á hans eigin forsendum.



Svigrúm til breytinga, úrbóta og þróunarstarfs með þátttöku nemenda og starfsfólks.



Gefið tækifæri til þess að nemendur alist upp við lýðræði og skapandi hugsun.



Lögð áhersla á að stuðla að fjölbreyttu og heilbrigðu félagslífi.



Litið á alla einstaklinga sem jafnrétt háa.



Unnið að því að skapa öruggt, jákvætt og hvetjandi námsumhverfi.

